

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

19. janúar 2026
UOS2501563/S.H.J.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 9. desember 2025 – ID 101

Þann 9. desember sl. fór fram reglubundið eftirlit í aflagða olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. á Akranesi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Fylgjast þarf með ástandi girðingar umhverfis lóð stöðvarinnar.

Eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 1.5. í starfsleyfi. Ganga skal frá húsnæði, geymum, lögnum, tækjum og menguðum jarðvegi í samræmi við fyrirfram gerða áætlun. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila hefur enn ekki verið hreyft við menguðum jarðvegi innan lóðarinnar og hreinsunaraðgerðir því ekki hafnar samkvæmt samþykktari áætlun um hreinsun jarðvegs, dags. 4. júní 2018.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 10. febrúar 2026.

Virðingarfyllst,

Stella Hrönn Jóhannsdóttir

Teymi eftirlits

Sigríður Magnúsdóttir

Teymi eftirlits